

Anna Bragadóttir

Garðabær, 11. júní 2025

202505-0087/I.M.B.

10.03.01

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum - Mývatn - Byggingarframkvæmdir við fjárhús

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Þingeyjarsveitar, dagsett 16. maí 2025, um leyfi til endurbóta og stækkunar á fjárhúsi Voga 3. Einnig vísast til beiðni Þingeyjarsveitar um umsögn vegna grenndarkynningar byggingarleyfisumsóknar, dagsett sama dag.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu skal leita leyfis Náttúruverndarstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til endurbóta á núverandi fjárhúsi auk minniháttar stækkunar á því. Framkvæmdirnar fara fram á landbúnaðarsvæði og eru fyrirhugaðar sumarið 2025. Gert er ráð fyrir að rask vegna framkvæmdanna verði minniháttar umhverfis fjárhúsin. Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins. Teikningar og byggingarlýsing fyrir framkvæmdunum fylgdu umsókninni. Um er að ræða endurnýjun á þaki og afli á fjárhúsum þar sem þak hækkar um 1 m og lengist um 1 m. Reist verður stálgrind um núverandi fjárhús með nýjum sökklum og gamla fjárhúsið svo rífið innan úr.

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Náttúruverndarstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umsókn um framkvæmdaleyfi. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst 6. júní sl. Í umsögninni kemur fram Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við framkvæmdirnar eins og þeim er lýst. Um sé að ræða endurbætur og lítilsháttar stækkun á núverandi fjárhúsi, á landi sem hefur þegar verið raskað og eru framkvæmdirnar ekki líklegar til að hafa áhrif út fyrir framkvæmdasvæðið.

Áhrifamat:

Þrátt fyrir að húsið stækki og hækki lítilega er talið að það hafi óveruleg sjónræn áhrif. Þá er framkvæmdin talin hafa óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun gerir ekki athugasemd við framkvæmdina veitir Þingeyjarsveit – Jóni Inga Hinrikssyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir endurbótum og stækkun fjárhúss Voga 3 sbr. lýsingu hér að ofan sumarið 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt/afmáð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Framkvæmdaleyfi frá sveitarfélagi þarf fyrir verkefninu.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Virðingarfyllst

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur

Dagbjört Jónsdóttir

